

Árnastofnun

## Ársskýrsla 2023

Aðfaraorð forstöðumanns

Nýtt skipurit Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur námsorðaforði þýddur  
á sex tungumál

Nýr vefur Árnastofnunar um handrit  
íslenskra vesturfara

Íslensk orðsifjabók á netinu

Gagnagrunnur um fornbréf

Vígsla Eddu og opið hús

Starfsmenn 2023 og ritaskrár

Útgáfur



## Aðfaraorð forstöðumanns

Árið 2023 verður lengi í minnum haft. Á síðasta vetrardag var nýtt hús íslenskunnar vígt á Melunum og því gefið nafnið Edda að undangenginni nafnasamkeppni þar sem þúsundir tóku þátt. Edda er hús íslenskunnar, íslenskra bókmennta, íslensku sem öðru máli og handritanna, hús rannsókna, kennslu og miðlunar, en einnig vettvangur sköpunar, ritlistar og allra nýju íslensku orðanna. Það hýsir starfsemi Árnastofnunar og kennslu í íslensku, íslenskum bókmenntum, íslensku sem öðru máli og ritlist við Háskóla Íslands. Edda rís á Melavellinum og við erum þess fullviss að sú gleði og jákvæði andi sem þar ríkti á árum áður smitist inn í starfsemi hússins.

Við höfðum beðið lengi eftir því að Edda risi, allt frá því að samkeppni var haldin um hönnun byggingarinnar árið 2008. En þegar hún var vígð fimmtán árum síðar, var eins og það hefði gerst á réttum tíma. Þegar við opnuðum dyrnar upp á gátt og buðum almenningi í heimsókn á sumardaginn fyrsta, fundum við svo sterkt að við höfðum ekki beðið ein, heldur var fólk um allt samfélag að bíða með okkur og gladdist yfir verklokunum. Byggingin fylltist af fólki, tólf til fjórtán þúsund gestir, og gleðin og ánægjan var næstum áþreifanleg. En einnig þakklæti.

Þakklæti til samfélagsins og stjórnvalda fyrir þann stórhug og metnað að reisa svo glæsilega umgjörð utan um rannsóknir, kennslu, miðlun og nýsköpun í íslenskum fræðum. Þakkir



til þeirra fjölmörgu sem unnu svo fallega og vel að byggingu hússins í fimmtán ár sem síðla árs 2023 hlaut Hönnunarverðlaun Ísland. En síðast en ekki síst þakkir til almennings fyrir einstaka velvild til hússins sem endurspegladist svo fallega í nafnasamkeppninni og um opnunardagana.

Ég hef kallað húsið aflstöð því að í Eddu virkjum við kraftana sem sem búa í rannsóknum, kennslu, nýsköpun og miðlun á vettvangi íslenskra bókmennta og tungumáls, en ekki aðeins innan veggja Eddu, heldur hér heima og erlendis. Húsið er

eins og egg í laginu, og við skynjum að okkur hafi verið falið fjöregg í vissum skilningi. En við verðum einnig að spila djarft og takast á við þær áskoranir sem eru allt í kringum okkur – og vinna saman að lausn þeirra.

Edda snýst nefnilega fyrst og fremst um framtíðina og er gjöf til næstu kynslóða. Hún er yfirlýsing um að tungumálið og bókmenntirnar skipti okkur máli, ekki sem minnisvarði heldur sem lifandi afl í samfélaginu.

Guðrún Nordal

Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús


Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur



# Nýtt skipurit Árnastofnunar

Haustið 2023 var nýtt skipurit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tekið í notkun.



Í skýrslu Gæðaráðs frá 2022 um stofnunina var lagt til að sviðum yrði fækkað og ábyrgð skilgreind betur. Stýrihópur stefnumótunar mótaði í kjölfarið tillögur að nýju skipuriti með fjórum afmörkuðum sviðum og lagði til að framkvæmdastjóri hvers sviðs fengi stjórnunarlega og faglega ábyrgð gagnvart forstöðumanni. Niðurstaðan varð tvö akademísk svið; íslenskusvið og menningarsvið og tvö stjórnsýslusvið, rekstrar- og þjónustusvið og miðlunarsvið.

Með nýju skipulagi er markmiðið að stjórnsýslan verði betur í stakk búin til að veita fræðasviðum nauðsynlega þjónustu auk þess sem fjárhagslegt eftirlit verður eft. Rannsóknir og miðlun á íslensku fá aukið vægi og stefnt er að því að verkefni tengd máltækni verði eflað enn frekar í þeirri stefnumótun sem er í gangi. Rannsóknir og kynningar á handritum, þjóðfræði og nafnfræði yrði þá einnig sér svið sem gefur möguleika á enn nánara samstarfs milli þessara fræðigreina.

Aðfaraorð forstöðumanns

**Nýtt skipurit Árnastofnunar**

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-orðaforði þýddur á sex tungumál

Nýr vefur Árnastofnunar um handrit íslenskra vesturfara

Íslensk orðsifjabók á netinu

Gagnagrunnur um fornbréf

Vígsla Eddu og opið hús

Starfsmenn 2023 og ritaskrár


Útgáfur



## Fréttir og viðburðir 2023

**24. janúar** **Samtalsorðabók komin út.** Bókin er tilrauna-  
verkefni á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnús-  
sonar í íslenskum fræðum. Tilgangur verkefnisins  
er að setja munnleg samskipti í öndvegi og sýna  
talmáli þá athygli sem það á skilið. Vefslóð Samtals-  
orðabókar er [samtalsordabok.arnastofnun.is](http://samtalsordabok.arnastofnun.is).

**31. janúar** **Tveir verkefnastyrkir til Árnastofnunar.** Guðrún  
Nordal hlaut rannsóknarstyrk fyrir verkefnið Við-  
tökur dróttkvæða: breytileiki brags og skáldskapar-  
máls í íslenskum handritum og Emily Lethbridge  
hlaut styrk fyrir verkefnið Kvennaspor: Afhjúpun og  
ljómun kvenna í sagnalandslagi Íslands.



**10. febrúar** **Málþing um Flateyjarbók** var haldið í Veröld – húsi  
Vigdísar en undanfarin ár hefur staðið yfir viðgerð á  
þessu stærsta miðaldahandriti Íslendinga. **Horfa** má  
á myndband frá málþinginu.

**12. febrúar** Hátíðarmálþing um Jón Trausta var haldið á  
fæðingardegi Guðmundar Magnússonar (Jóns  
Trausta) í Iðnó. Málþingið var skipulagt af  
Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands,  
Rithöfundasambandi Íslands og Árnastofnun.  
**Hlusta** má á hljóðupptöku frá málþinginu.



**3.–4. mars** **Málþing um Helgafellsbækur.** Þverfaglegt málþing  
á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum  
fræðum um handrit sem talið er að hafi verið gerð í  
klaustrinu á Helgafelli.



**27. mars** Árnastofnun fékk að gjöf **eddukvæði á úkraínsku** frá  
þýðandanum, Marinu Voinova, sem er dósent í eðlis-  
fræði við Chalmers-tækniháskólann í Gautaborg.

**28. mars** **Fyrstu stjörnufræðingarnir: Hvernig fræðabulir  
meðal frumbyggja rýna í stjörnunar.** Fyrirlestur á  
vegum Árnastofnunar og Miðaldastofu í samvinnu  
við Þjóðfræðideild og Íslensku- og menningardeild  
Háskóla Íslands. Þar var m.a. fjallað um hvaða máli  
frumbyggjastjörnufræði skipti fyrir hugmyndir  
okkar um vísindasögu og -heimspeki.

**30. mars** **Styrkir veittir úr Áslaugarsjóði.** Tveir starfsmenn  
Árnastofnunar hlutu styrk úr Áslaugarsjóði.  
Branislav Bédi hlaut framhaldsstyrk til að vinna  
að Íslensk-þýskri veforðabók, LEXÍU og orða-  
bókarritstjórnarnir Halldóra Jónsdóttir og Þórdís  
Úlfarsdóttir hlutu einnig framhaldsstyrk til að vinna  
að nýrri Íslensk-enskri veforðabók.

**1. apríl** **Nýr fjármálastjóri Árnastofnunar** Jóhann Karl  
Reynisson tók til starfa.

**4. apríl** **Fjórir starfsmenn hlutu styrk úr Nýsköpunarsjóði  
námsmanna.** Ágústa Þorbergsdóttir fyrir nýtt  
íðorðasafn fyrir gagnsæi gegn spillingu; Branislav  
Bédi hlaut styrki fyrir tvö verkefni. Annars vegar  
fyrir rafrænt námsefni í íslensku fyrir börn, Wiki-  
síða og hins vegar fyrir verkefni sem snýst um  
spurningasvörunina ChatGPT og námsefni fyrir  
íslensku sem annað mál. Rósa Þorsteinsdóttir hlaut  
styrk fyrir verkefnið: Stafrænt þjóðlagasafn séra  
Bjarna Þorsteinssonar og Vilhelmína Jónsdóttir  
hlaut styrk fyrir verkefni um menningararfleifð  
innflytjenda.

Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur





Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur

**13. apríl** Óáþreifanlegur menningararfur á Íslandi. Málþing um sundlaugamenningu.

**19. apríl** Hús íslenskunnar heitir Edda. Um 1580 tillögur frá hátt í 3400 þátttakendum bárust í nafnasamkeppni um heiti á nýju húsi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensku- og menningar- deildar Háskóla Íslands.

**20. apríl** Opið hús í Eddu. Sumardaginn fyrsta, 20. apríl, var opið hús í Eddu og var almenningi boðið að koma og skoða bygginguna áður en Árnastofnun og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands flyttu í húsið.

**8. maí** Verkefnið Íslenskur námsorðaforði hlaut Vísinda- og nýsköpunarverðlaun 2023. Rannsóknarverkefnið „Íslenskur námsorðaforði og stigvaxandi fjölbreytni íslenskrar tungu: Námsefni og kennsluhættir með fjöltyngdum grunnskólanemendum“ hlaut styrk frá

Íslenskusjóði Háskóla Íslands. Verkefnið byggist á samstarfi Menntavísindasviðs og Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Menntamálastofnunar.

**11. maí** Klarsprog 2023. Hluti norrænnar ráðstefnuraðar um skýrt og skiljanlegt málfar. Yfirskriftin að þessu sinni var Klarsprog og kommunikation. Informationsformidling for alle i krisetider.

**22. maí** Nýr bókasafns- og upplýsingafræðingur Kristín Konráðsdóttir tók til starfa.

**5.–29. júní** Nordkurs-námskeið í Reykjavík.

**14. júní** Orð og tunga 25 kom út – þemahefti um blótsyrði.

**29. júní** Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hlaut styrk að upphæð um tvö hundruð milljónir íslenskra króna frá danska sjóðnum A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal til verkefnisins Archive Arnamagnæana.

**29. júní** Greinasafnið Paper Stories – Paper and Book History in Early Modern Europe í ritröðinni Materiale Textkulturen kom út. Ritið hefur að geyma 16 fræðigreinar auk inngangs ritstjóra og eftirmála. Í ritinu er fjallað um notkun, framleiðslu og útbreiðslu á pappír í efnismenningu árnýaldar í Evrópu. Ritið er jafnframt afrakstur samnefndrar alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík vorið 2022 á vegum verkefnanna tveggja í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Þjóðminjasafn Íslands.



**3.–28. júlí** Alþjóðlegur sumarskóli í íslenskri tungu og menningu.

**15. ágúst** Fræðsluferð starfsmanna til Þýskalands. Fyrst var ferðinni heitið til Leibniz-Institut für Deutsche Sprache (IDS) í Mannheim. Þá var haldið til Worms á slóðir Niflunga og að lokum til Bayreuth að skoða gamla óperuhúsið þar í bæ sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

**15.–18. ágúst** Alþjóðleg EUROCALL-ráðstefna. Þemað að þessu sinni var tæknistutt nám og kennsla (e. CALL) fjölbreytilegra tungumála.

**17. ágúst** Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum varð fullgild þjónustumiðstöð fyrir CLARIN á Íslandi (B-centre).

**22. ágúst** Þýðingarvinnu á Íslensk-finnskri orðabók lokið. Um 54 þúsund uppflettiorð hafa verið þýdd. Um það bil tíu ár eru síðan vinna við Íslensk-finnsku orðabókina hófst en hún hefur verið aðgengileg á vefnum frá 2018. Verkið nýtist ýmsum markhópum, m.a. þýðendum, blaðamönnum, íslenskunemum og þeim sem taka þátt í norrænu samstarfi.



**28. ágúst** Gerbylting í aðgengi að upptökum á Ísmús. Í byrjun árs 2022 hófst verkefni í samstarfi við Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista sem snerist um gerð talgreinis sem þjálfður yrði á þessum hljóð-upptökum með það að markmiði að hægt yrði að leita í þeim og lesa. Verkefnið var unnið í samstarfi við tæknifyrirtækið Tíró og styrkt af Innviðasjóði Rannís. Því lauk á vormánuðum 2023 og nú hafa uppskriftirnar verið gerðar aðgengilegar og leitarbærar á vefnum sem mun stórbæta aðgengi að safninu.

**4. september** Fyrsti samningur sem skrifað er undir í Eddu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Náttúruminjasafn Íslands hafa skrifað undir samkomulag með það að markmiði að stuðla að samstarfi og samlegð á sviði rannsókna og miðlunar á náttúru- og menningararfi Íslands. Öðrum þræði er efnt til þessa samstarfs í því augnamiði að brjóta niður múra milli fræðasviða og skapa deiglu nýsköpunar.



**14. september** Sigurðar Nordals fyrirlestur er haldinn 14. september ár hvert. Fyrirlesari að þessu sinni var Gauti

Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði og deildarforseti Íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands. Nefndist fyrirlesturinn „Hvað þýðir þjóðtungan? Frá handritum til gervigreindar“. Hlusta má á upptöku af fyrirlestrinum.

**14. september** Ánægja með þjónustu Árnastofnunar. Niðurstöður birtar úr árlegri könnun Stjórnarráðsins á þjónustu stofnana ríkisins.

**17. september** Fortíð, nútíð og framtíð íslenskrar þjóðlagatónlistar. Málþing í Eddu.

**18. september** Djúpnám fyrir framsetningu á máltengdum upplýsingum í tali. Fyrirlestur á vegum Máltækniseturs.



**27. september** Fimmta bindi Ljóðmæla í fræðilegri heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar (1614–1674) kom út.

**28. september** Ársfundur Árnastofnunar. Fyrsti ársfundurinn sem haldinn er í Eddu.



**10. október** Ísland tók við stjórn norrænu íðorðasamtakanna, Nordterm, á ráðstefnu samtakanna í júní. Ágústa Þorbergsdóttir er nýr formaður samtakanna.



**21. október** Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi. Vestur-íslensk helgi var haldin í Eddu en árið 2023 var þess minnst að 150 ár eru liðin síðan fyrsti stóri hópur vesturfara fór vestur um haf frá Íslandi til Kanada.

**28. október** Málþing um sundlaugamenningu var haldið í fyrirlestrasal Eddu en lagt hefur verið til að sundmenning Íslendinga fari á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf.

Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur



Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur



**9. nóvember** **Edda Staður ársins 2023.** Hönnunarverðlaun Íslands 2023 voru afhent 9. nóvember. Edda hlaut verðlaunin Staður ársins 2023 en þrjár tilnefningar voru í þeim flokki. Hornsteinar arkitektar teiknuðu húsið.

**10. nóvember** **Tímamót í sögu íslenskra orðabóka.** Vinnu við 1. útgáfu **Íslenskrar nútímamálsorðabókar** er nú lokið en orðabókin hefur verið aðgengileg sem verk í vinnslu frá 2016 og hefur notið mikilla vinsælda. Vinna við hana hófst snemma árs 2014 og ritstjórar og höfundar frá upphafi eru Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir.



**13. nóvember** **Árna Magnússonar fyrirlestur.** **Haraldur Bernharðsson** fjallaði um skrifara og ritmenningu á Íslandi og í Noregi á þrettánda öld.

**15. nóvember** **Örfyrirlestrar í Eddu** opnir almenningi. Hátt í tuttugu fyrirlestrar voru fluttir og var efni þeirra m.a. íþróttamál, myrkrið í fornsögum, örlagavaldurinn Luktar-Gvendur, íslenskir málshættir í evrópsku samhengi, Skaufala bálkur, hinsegin Laxness: höfundarverk lesið með nýjum gleraugum, o.fl.

**16. nóvember** **Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar** voru afhent á degi íslenskrar tungu. Verðlaunin fékk þýðandinn Áslaug Agnarsdóttir sem hefur á undanförunum árum fært Íslendingum rússnesk ljóð og sögur í snilldarþýðingum.

**17. nóvember** **Íslensk-pólsk orðabók hlýtur styrk.** Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hlaut styrk upp á 15 milljónir króna til áframhaldandi vinnu við Íslensk-pólska orðabók.

**22. nóvember** Bókin *Provérbios Europeus: European Proverbs: Evrópskir málshættir* eftir Rui Soares málsháttafræðing, Þórdísi Úlfarsdóttur orðabókarritstjóra og Ellert Þór Jóhannsson rannsóknarlektor kom út.



**24. nóvember** **Hundrað þúsund myndir af síðum handrita.** Fyrir skömmu síðan hlóð ljósmyndari Árnastofnunar, Sigurður Stefán Jónsson, inn á vefinn handrit.is myndum af handriti sem ber safnmarkið SÁM 133. Með því varð heildarfjöldi mynda af handritum stofnunarinnar á vefnum rúmlega 100.000 talsins.

**24. nóvember** **Vinnufundur um ritmenningu íslenskra miðalda** haldinn í Eddu.

**6. desember** **Útgáfuhóf og kynning á nýjum bókum** **Árnastofnunar.**

**18. desember** **Gripla XXXIV** kom út.

**19. desember** **Ævintýragrunnurinn afhentur Árnastofnun.** Ævintýragrunnurinn er gagnagrunnur yfir útgefin ævintýri sem gerður var að frumkvæði Adalheiðar Guðmundsdóttur sem einnig er ritstjóri hans. Þegar hann var fyrst gerður aðgengilegur og leitarbær árið 2016 fól hann í sér upplýsingar um rúmlega 550 tilbrigði íslenskra ævintýra. Á adventunni afhenti Adalheiður Árnastofnun grunninn til eignar og umráða.



Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

**Bókasafnið**

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur



## Bókasafn

Á árinu sameinaðist bókasafnið, sem áður var á þremur stöðum, í glæsilegu nýju safni í Eddu. Að undangengnum miklum undirbúningi tók um þrjá mánuði að koma safninu fyrir á nýjum stað og nutu starfsmenn safnsins aðstoðar Danielle Galietti, Hönnuh Volland og Ragnars Árna Ólafssonar við röðun. Fastir starfsmenn safnsins eru nú tveir, Guðný Ragnarsdóttir og Kristín Konráðsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingar. Kristín hóf störf í maí 2023.

Aðstaða á nýju safni er öll hin besta fyrir gesti og rit. Safnið er ekki útlánasafn en 18 lespláss standa þeim til boða sem vilja nýta sér gögn safnsins.

Lunginn úr safnkostinum er 1. hæð Eddu en einnig eru safndeildir á 2. og 3. hæð. Um 60.000 eintök bóka og tímarita eru á safninu.





## Íslenskur námsorðaforði þýddur á sex tungumál

Sérfræðingar við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Hugvísindasvið Háskóla Íslands fengu fyrir skemmstu styrk úr Markáætlun í tungu og tækni til að vinna verkefnið „Mikilvægur orðaforði fyrir fjöltyngi og vélþýðingar“. Verkefnið miðar að því að byggja upp verkfæri sem auðvelda þeim sem eru að læra íslensku að bæta lesskilning og skilning á mikilvægum orðaförða í algengum textum. Það grundvallast 1.500 orða lista yfir íslenskan námsorðaförða sem Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Auður Pálsdóttir hafa unnið. (Listinn er aðgengilegur á varðveislusvæði CLARIN á Íslandi: <https://clarin.is/gogn/>).

Úr verkefninu verða til lítil tvímála orðasöfn á sex tungumálum innflytjenda á Íslandi og textar á sjö tungumálum til að þjálfa þennan mikilvæga orðaförða. Þá verður smíðuð margmála málheild sem inniheldur þennan orðaförða sem ætluð er til notkunar við prófanir á vélþýðingakerfum.

Aðfaraorð forstöðumanns

Nýtt skipurit Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur námsorðaförði þýddur á sex tungumál

Nýr vefur Árnastofnunar um handrit íslenskra vesturfara

Íslensk orðsifjabók á netinu

Gagnagrunnur um fornbréf

Vígsla Eddu og opið hús

Starfsmenn 2023 og ritaskrár

Útgáfur




## Nýr vefur Árnastofnunar um handrit íslenskra vesturfara

Nýr vefur Árnastofnunar um handrit íslenskra vesturfara var opnaður í október 2023. Vefurinn geymir stafrænar myndir af meira en þúsund íslenskum handritum, bókum, bréfum og öðrum skjölum í söfnum og í einkaeigu í Norður-Ameríku. Vefurinn varpar nýju ljósi á sameiginlegan menningararf Íslands, Kanada og Bandaríkjanna og einstaka sögu íslensku vesturfaranna.

Vefurinn er afrakstur margra ára rannsókna á íslenskum handritum sem bárust til Norður-Ameríku á seinni hluta nítjándu aldar og byrjun tuttugustu aldar. Ritstjóri vefsins er Katelin Marit Parsons en Trausti Dagsson hannaði vefinn. Vefurinn er opinn öllum og aðgengilegur á <https://vesturheimur.arnastofnun.is/>.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, opnaði vefinn 21. október. Opunarþing vefsins fór fram í fyrirlesttrasal Eddu í samvinnu við Þjóðræknisfélag Íslendinga sem hefur verið styrktaraðili verkefnisins og hélt hið árlega Þjóðræknisþing í Eddu þennan sama dag. Meðal fyrirlesara voru Guðrún Nordal forstöðumaður Árnastofnunar, Örn Arnar, ræðismaður Íslands í Minnesota, Katelin Marit Parsons, verkefnisstjóri Í fótspor Árna Magnússonar, og Ásta Svavars-



dóttir, rannsóknardósent við Árnastofnun. Þar að auki fluttu erindi þrír nemendur við Háskóla Íslands sem hafa tekið þátt í verkefninu, þau Ryan Eric Johnson, Brynjarr Þór Eyjólfsson Mendoza og Guðrún Brjánsdóttir. Styrkur fyrir þátttöku gesta frá Kanada á málþinginu kom frá CINS (Canadian Initiative for Nordic Studies).

Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

**Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara**

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur





Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

**Íslensk orðsifjabók  
á netinu**

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur

## Íslensk orðsifjabók á netinu

Íslensk orðsifjabók eftir Ásgeir Blöndal Magnússon var gefin út árið 1989 af Orðabók Háskólans. Bókin hefur fest sig í sessi sem undirstöðurit þegar uppruni orða í íslensku og skyldleiki við orð í öðrum málum er skoðaður. Fletturnar í bókinni hafa verið aðgengilegar í gáttinni málið.is en í desember 2023 var sérstakur vefur fyrir bókina opnaður: [ordsifjabok.arnastofnun.is](https://ordsifjabok.arnastofnun.is). Þar er hægt að leita að uppflettiorðum á annan og tiltölulega fljótlegan hátt en einnig er hægt að leita að texta í sjálfum flettunum.

Skrárnar sem bókin var unnin í á sínum tíma voru varðveittar og því var hægt að vinna með upphaflegu kóðunina á margvíslegan hátt fyrir nýja vefinn. Ef notendur hafa t.d. áhuga á tilteknu tungumáli, svo sem gotnesku, er hægt kalla fram með einföldum hætti þau dæmi sem eru merkt því máli í bókinni. Þá er einnig boðið upp á að skoða tengsl milli orða í svokölluðum venslanetum og þannig hægt að rekja sig í gegnum orðsifjar á annan og tiltölulega fljótlegan hátt.



# Archive Arnamagnæana:

Gagnagrunnur um fornbréf og skjöl í safni Árna Magnússonar



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fékk styrk vorið 2023 að upphæð um tvö hundruð milljónir íslenskra króna (tíu milljónir danskra króna) frá danska sjóðnum A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal til verkefnisins Archive Arnamagnæana. Markmiðið með verkefninu er að gera stafrænan gagnagrunn um fornbréf og skjöl, fornbréfauppskriftir og bréfabækur úr safni Árna Magnússonar en það verður unnið í samstarfi við fræðimenn við Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn, Ríkisskjalasafnið í Osló og Þjóðskjalasafn Íslands en öll þessi söfn varðveita hluta af skjala- og fornbréfasafni Árna. Stafrænar ljósmyndir af öllum skjölunum munu fylgja skráningu þeirra og tilvísanir í prentaðar útgáfur þegar um slíkt er að ræða. Þórunn Sigurðardóttir, prófessor emerítus við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, mun stýra verkefninu en fyrirhugað er að opna grunninn síðla árs 2026.

Fornbréfin eru með mikilvægustu heimildum sem finna má um sögu Íslands, Danmerkur og Noregs allt frá miðöldum og fram á átjándu öld enda kemur í flestum tilfellum fram hvar og hvenær þau voru skrifuð. Safnið í heild er um 6000 frumbréf, rúmlega 10.000 uppskriftir af frumbréfum (sem sum hver hafa ekki varðveist) auk fjölda skjala- og bréfabóka. Hér er um að ræða m.a. landamerkjaskrár, kirkjubækur, erfðaskrár, eignaskrár, jarðabréf, kaupmála, rekaskrár og máldaga. Heimildirnar snerta lagasögu, kirkjusögu, söguleg málvísindi, nafnfræði, skriftarfræði, þróun stafsetningar og mörg fleiri svið. Þótt fornbréfin séu alla jafna komin úr opinberri stjórnsýslu dansk-norska konungsríkisins þá innihalda þau einnig upplýsingar um líf og aðstæður venjulegs fólks. Þau veita okkur því innsýn í löngu horfinn heim.

Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

**Gagnagrunnur  
um fornbréf**

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur



## Vígsla Eddu og opið hús

Edda var vígð síðasta vetrardag 19. apríl 2023 við hátíðlega athöfn í bókasafni hússins. Meðal þeirra sem fluttu ávarp voru forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, sem kynnti nafnið á húsinu og afhenti Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Háskóla Íslands formlega lykllana að Eddu. Einnig fluttu ávörp Guðrún Nordal forstöðumaður Árnastofnunar og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

Nafnið var valið úr 1580 tillögum sem hátt í 3400 manns sendu inn. Í álitni dómnefndar segir meðal annars:

„Nafnið Edda er opið og margrætt. Uppruni þess er ekki ljós og því fylgir nafninu ákveðin dulúð. Það á sér langa sögu en í formáli kemur nafnorðið edda meðal annars fyrir í merk-ingunni ‘formóðir’. Edda er vinsælt eiginnafrá í samtímanum sem jafnframt vísar skýrt til menningararfsins: eddukvæða og Snorra-Eddu og þar með upphafs íslenskra fræða.“

Í tilefni nafngiftarinnar stigu þrjár Eddur á svið og sögðu frá uppruna nafnsins sem þær báru.

Daginn eftir, sumardaginn fyrsta, var opið hús og almenn- ingi boðið að koma og skoða bygginguna áður en Árnastofnun og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands fluttu í húsið. Dagskráin hófst með því að Kvæðabarnafjelag Laufásborgar flutti rímur og vakti sérstaka athygli hversu einbeittir og dug- legir kvæðamenn voru þrátt fyrir ungan aldur. Boðið var upp á leiðsögn um húsið, fræðimenn stofnunarinnar og kennarar í íslensku héldu fyrirlestra og rithöfundar fjölluðu um verk sín.

Íslenskunemar skrifuðu ljóð eftir pöntun og hljóðrituðu nöfn og nemendur í íslensku sem öðru máli sýndu myndasögur sem þeir höfðu gert. Jakob Birgisson flutti gamanmál, Pétur Húni kvæðamaður kvað rímur á ýmsum stöðum í húsinu og Una Torfadóttir tónlistarkona lék fyrir gesti. Kór Neskirkju, undir stjórn Steingríms Þórhallssonar, söng fyrir gesti.

Áætlað er að um tólf til fjórtán þúsund manns hafi heimsótt Eddu þennan fagra sumardag.



Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu


Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur





Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

**Vígsla Eddu og  
opið hús**

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur



# Starfsmenn 2023 og ritaskrár

Karlar 31

Konur 43

Aðalsteinn Hákonarson / [ritaskrá](#)

Antonio Costanzo

Ari Páll Kristinsson / [ritaskrá](#)

Atli Jasonarson

Ágústa Þorbergsdóttir / [ritaskrá](#)

Árni Snær Gíslason

Ásta Svavarsdóttir / [ritaskrá](#)

Beeke Stegmann / [ritaskrá](#)

Birna Lárusdóttir

Björn Halldórsson

Branislav Bédi / [ritaskrá](#)

Dale John Kedwards

Danielle Ann Galietti

Einar Haraldsson

Einar Freyr Sigurðsson / [ritaskrá](#)

Elizabeth Marie Walgenbach

Elín Ósk Reynisdóttir

Ellert Þór Jóhannsson / [ritaskrá](#)

Emily Diana Lethbridge / [ritaskrá](#)

Ermenegilda Rachel Mueller

Finnur Ágúst Ingimundarson

Fjóla Kristín Guðmundsdóttir

Fjóla María Jónsdóttir

Giulia Zorzan

Gísli Rúnar Harðarson

Gísli Sigurðsson / [ritaskrá](#)

Guðný Ragnarsdóttir

Guðný Rósa Þorvarðardóttir

Guðrún Nordal / [ritaskrá](#)

Guðvarður Már Gunnlaugsson / [ritaskrá](#)

Halldóra Jónsdóttir / [ritaskrá](#)

Haukur Þorgeirsson / [ritaskrá](#)

Helga Hilmisdóttir / [ritaskrá](#)

Hinrik Hafsteinsson

Hrefna Svavarsdóttir

Ingibjörg Þórisdóttir

Jóhann Kristján Konráðsson

Jóhann Karl Reynisson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson / [ritaskrá](#)

Jón Tryggvi Unnarson Sveinsson

Jónas Orri Jóhannsson

Karl Óskar Ólafsson

Katelin Marit Parsons / [ritaskrá](#)

Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir / [ritaskrá](#)

Kristín Konráðsdóttir

Lea Debora Pokorny

Margrét Eggertsdóttir / [ritaskrá](#)

Margrét Jóna Gísladóttir

Marie Sophie Besson

Pétur Húni Björnsson

Rakel Pálsdóttir

Rebecca Andreasdóttir Kjærgaard

Rósa Þorsteinsdóttir / [ritaskrá](#)

Samúel Þórisson

Sigrún Kristjánsdóttir

Sigurborg Kristín Stefánsdóttir

Sigurður Stefán Jónsson

Sigurlaug Dagsdóttir

Soffía Guðný Guðmundsdóttir

Stanislaw Jan Bartoszek

Starkaður Barkarson

Stefanie Bade

Steinunn Aradóttir

Steinþór Steingrímsson / [ritaskrá](#)

Svanhildur María Gunnarsdóttir

Svanhildur Óskarsdóttir / [ritaskrá](#)

Tiffany Nicole White

Trausti Dagsson

Vasaré Rastonis

Yelena Sesselja Helgadóttir Yershova

Zachary Jordan Melton

Þórdís Edda Jóhannesdóttir

Þórdís Úlfarsdóttir / [ritaskrá](#)

Þórður Ingi Guðjónsson

Þórunn Sigurðardóttir / [ritaskrá](#)

Nánari upplýsingar um starfsmenn má finna á:

<https://www.arnastofnun.is/is/stofnunin/starfsfolk>

Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf


Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur



## Útgáfur




### Ljóðmæli V

Fimmta bindið í fræðilegri heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar (1614–1674) er komið út. Efni þessa bindis eru lausavísur og nokkur lengri kvæði, flest gamansöm. Vísurnar fjalla oft um hversdagslega hluti eins og mat og matarneyslu og stundum um misskiptingu veraldlegra gæða. Sumar lýsa barnaleikjum, aðrar eru heillaóskir og einnig eru hér gátur í vísnaformi. Lausavísur eru oft tengdar ákveðnu atviki og hafa yfirleitt varðveist í munnlegri geymd lengi áður en þær voru skrifaðar upp enda eru lausavísur Hallgríms yfirleitt varðveittar í yngri handritum en annar kveðskapur hans. Texti hvers kvæðis er prentaður stafréttur eftir aðalhandriti eða prentaðri útgáfu en orðamunur úr öðrum handritum er birtur neðanmáls. Gerð er rækileg grein fyrir varðveislu hvers kvæðis auk þess sem handritunum sem við sögu koma er lýst í sérstakri skrá. Þetta er lokabindið í þeim hluta útgáfunnar sem nefnist Ljóðmæli. Margrét Eggertsdóttir, Karl Óskar Ólafsson og Kristján Eiríksson önnuðust útgáfuna en ritstjóri bókarinnar er Þórunn Sigurðardóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur bókina út en Háskólaútgáfan annast dreifingu.

Bókin er gefin út í ritröðinni Rit Árnastofnunar (Rit 111).

Hægt er að kaupa eintak af bókinni á [vef Háskólaútgáfunnar](#).




### Nöfn á nýrri öld

Nafnfræðifélagið var stofnað í Reykjavík árið 2000 og varð því tvítugt á árinu 2020. Bókin *Nöfn á nýrri öld*. 20 greinar í tilefni 20 ára afmælis Nafnfræðifélagsins inniheldur greinar eftir höfunda sem hafa flutt fyrirlestra á fræðslufundum félagsins. Efni greinanna er fjölbreytt og sýnir viðfangsefni félagsins sem nær til nafna af flestum sviðum tilverunnar. Í bókinni er greinunum skipað í fimm flokka (Nöfn á fornum tíma og í heimildum; Nöfn, söfnun, skráning og stjórnsýsla; Samspil nafna og landslags; Fiskar, fuglar og önnur dýr; Nöfn og þjóðmenning) en örnefni eru algengasta viðfangsefnið og umfjöllun um þau kemur fyrir í öllum flokkum. Bókin er í stóru broti og eru allir kaflarnir ríkulega skreyttir myndum og kortum.

Ritstjórar bókarinnar eru Emily Lethbrigde og Rósa Þorsteinsdóttir.

Hægt er að kaupa eintak af bókinni á [vef Háskólaútgáfunnar](#).



### Rúnir á Íslandi

Hver er letrið les,  
bið fyrir blíðri sál,  
syngi signað vers.

Með þessum orðum lýkur rúnaáletrun á legsteini Sigríðar Hrafnadóttur á Grenjaðarstað um miðja 15. öld. Með fornleifauppgötvunum síðustu ára hefur komið æ betur í ljós að rúnir voru notaðar á Íslandi frá upphafi byggðar til þess að rista nöfn og setningar í gripi af ýmsu tagi. Þótt Íslendingar lærðu að rita bækur með latínuletri hélt rúnalettrið lengi vel þeim sessi að vera það letur sem notað var í áletranir.

Dr. Þórgunnur Snædal starfaði í 37 ár sem rúnafræðingur við Riksantikvarieðmetet í Stokkhólmi. Í þessu aðgengilega yfirlitsriti birtir hún afrakstur rannsókna sinna á íslenskri rúna sögu frá landnámi til nútímans.

Ritstjóri bókarinnar er Haukur Þorgeirsson.

Bókin er gefin út í ritröðinni Rit Árnastofnunar (Rit 113).

Hægt er að kaupa eintak af bókinni á [vef Háskólaútgáfunnar](#).

Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara

Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf


Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur







## Gripla XXXIV

*Gripla*, alþjóðlegt ritrýnt ISI-tímarit Árnastofnunar um handrita-, bókmennta- og þjóðfræði, er komin út með ellefu fræðiritgerðum (þremur á íslensku og átta á ensku með ágripum á báðum málum) og útgáfum stuttra texta.

*Gripla* kemur út á prenti einu sinni á ári en er jafnframt í opnu aðgengi á vef tímaritsins [gripla.arnastofnun.is](http://gripla.arnastofnun.is).

Aðfaraorð  
forstöðumanns

Nýtt skipurit  
Árnastofnunar

Fréttir og viðburðir

Bókasafnið

Íslenskur náms-  
orðaforði þýddur á  
sex tungumál

Nýr vefur  
Árnastofnunar um  
handrit íslenskra  
vesturfara


Íslensk orðsifjabók  
á netinu

Gagnagrunnur  
um fornbréf

Vígsla Eddu og  
opið hús

Starfsmenn 2023  
og ritaskrár

Útgáfur



## Orð og tunga 25

*Orð og tunga*, árlegt tímarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, er komið út. Að þessu sinni kölluðu ritstjórar sérstaklega eftir greinum um blótsyrði en árið áður hafði stofnunin skipulagt málþing þar sem íslenskir og evrópskir fræðimenn kynntu nýjar rannsóknir á þessu sviði. Lykilfyrirlesari málþingsins var Ármann Jakobsson, prófessor í íslenskum miðaldabókmenntum við Háskóla Íslands. Fjórar fræðigreinar bárust um íslensk blótsyrði og birtast þær í heftinu ásamt öðrum greinum sem eru á sviði nafnfræði og orðabókarfræði.

*Orð og tunga* kemur út á prenti einu sinni á ári en er jafnframt í opnu aðgengi á vef tímaritsins [ordogtungu.arnastofnun.is](http://ordogtungu.arnastofnun.is).

Myndir tóku Sigurður Stefán Jónsson, ljósmyndari á Árnastofnun, Kristinn Ingvarsson og Branislav Bédi. Aðrar myndir voru fengnar að láni frá Þjóðminjasafni Íslands og Nordterm.  
Ritstjóri: Ingibjörg Þórisdóttir.  
Prófarkalestur: Svanhildur María Gunnarsdóttir.  
Hönnun og umbrot: Hunang/Sigrún Sigvaldadóttir.

